

Ed. 125. Frumvarp til laga

um breyting á bifreiðalögum, nr. 75 7. maí 1940.

Frá samgöngumálanefnd.

1. gr.

- a. Í stað „vinstri“ í 3. málsg. 28. gr. laganna komi: hægri.
- b. Í stað „hægri“ á tveim stöðum í sömu grein komi: vinstri.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð .

Til samgöngumálanefndar var vísað frv. til laga um frestun á gildistöku bifreiðalaga, nr. 75 7. maí 1940, og umferðarlaga, nr. 110 30. maí 1940. Höfðu verið gefin út bráðabirgðalög þann 16. nóv. 1940, samhljóða frv. Bráðabirgðalög þessi voru gefin út vegna hernámsins, þar sem óþært þótti að taka upp „hægri akstur“ á meðan svo er ástatt í landinu sem nú. Nefndin mælti því með þessu frv. á sínum tíma, en við 2. umr. málsins kom fram sú skoðun, að óþarft kynni að vera að fresta gildistöku laga þessara í heild, þó ákvæðin um hægri akstur væru felld burt eða frestað. Nefndin tók því málið til nýrrar yfirvegunar og hefur rætt það við dómsmálaráðherra, vegamálastjóra og bifreiðaeftirlitsmennina Björn Blöndal Jónsson og Jón Ólafsson, og komið að þeirri niðurstöðu, að rétt sé að láta bifreiðalögin og umferðalögin koma til framkvæmda með þeirri breytingu, að tekinn sé aftur upp vinstri handar akstur, þar sem í lögunum eru önnur ákvæði, sem þurfa að koma strax til framkvæmda, eins og t. d. breytingar á ökuhraða o. fl.